

## Félagsmálaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Félagsmálanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Félagsmálaráðuneytið**  
Dagsetning: **01.12.2005**  
Málsnúmer: **FEL04010062**  
Bréfalykill: **8402-2-1**

Efni: Upplýsingar í tengslum við vinnutíma lækna í starfsnámi

Félagsmálaráðherra samþykkti í umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að félagsmálaráðuneytið reyndi að komast að hvort og þá hvers vegna beri mikið milli aðila við mat á kostnaði. Félagsmálaráðuneytið aflaði meðfylgjandi upplýsinga:

#### Upplýsingar frá heilbrigðisráðuneyti:

Fjöldi stöðugilda unglækna á sjúkrahúsum landsins á árinu 2004:  
114,1 staða á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi  
11,4 stöður á Sjúkrahúsinu á Akureyri  
2,0 stöður á Akranesi  
**Samtals: 127,5 stöður.**

Heilbrigðisráðuneytið gerir ráð fyrir að stöðum þurfi að fjölga um **samtals 40 á tímabilinu** eða til 31. júlí 2009. Kemur það fram í kostnaðarumsögninni en þar er gert ráð fyrir að stöðum fjölgi um 10 á ári. Er þá gert ráð fyrir að stöðurnar verði samtals 167,5 stöður.

Gert er ráð fyrir að kostnaðaraukningin nemi um 35 millj. kr. á ári í þau fjögur ár sem aðlögunarreglurnar gilda. Þegar frumvarpið hefur að fullu tekið gildi er árlegur kostnaðarauki áætlaður nema 140 millj. kr.

#### Upplýsingar frá unglæknum:

Fjöldi stöðugilda unglækna á sjúkrahúsum landsins:  
120 stöður á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi  
8-10 stöður á Sjúkrahúsinu á Akureyri  
3 stöður á Akranesi  
**Samtals: 131-133 stöður.**

Unglæknar gera ráð fyrir að stöðum á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi fjölgi um 30 stöður, 4-6 á Akureyri og þrjár á Akranesi eða **samtals 37-39 stöður.**

Unglæknar áætla að árleg kostnaðaraukning muni nema 150-160 millj. kr. þegar frumvarpið er að fullu komið til framkvæmda.

Munurinn í mati á kostnaði er því óverulegur að mati félagsmálaráðuneytisins.